

Réttarfarsnefnd

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/317
komudagur þ/12 1995

Reykjavík, 4. desember 1995.

Allsherjarnefnd Alþingis,
frú Sólveig Pétursdóttir, formaður.

Réttarfarsnefnd hefur borist erindi yðar 8. nóvember sl., þar sem þér leitið umsagnar hennar um frumvarp til laga um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl.

Nefndin mælir eindregið með samþykkt frumvarpsins, en vill þó vekja athygli á eftirfarandi þremur atriðum:

1. Í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að ákvörðun, sem sýslumaður tekur vegna fullnustu erlendra ákvörðunar um umgengnisrétt, sæti kæru til dómsmálaráðuneytisins samkvæmt ákvæðum barnalaga. Ekki er annað að sjá en að ákvörðun af þessum toga yrði tekin við framkvæmd aðfarargerðar, sem færi fram til að fylgja eftir umgengnisrétti. Bera má ákvarðanir, sem sýslumaður tekur við framkvæmd aðfarargerðar, undir úrlausn dómstóla eftir almennum reglum 14. og 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför, en slíkar ákvarðanir sæta hins vegar aldrei stjórnarsýslukæru. Þessar reglur ættu að öðru óbreyttu einnig við um ákvarðanir, sem um ræðir í þessu ákvæði frumvarpsins. Vekur þetta spurningu um skýringu ákvæðisins, svo sem hvort kæruréttur til ráðuneytis girði fyrir að leitað verði með mál um þessi efni til dómstóla, hvort eftir atvikum yrði að tæma þessa kæruheimild áður en leitað yrði til dómstóla og hvort viss atriði um þessar aðgerðir eigi að koma til kasta ráðuneytis en önnur til dómstóla. Að mati nefndarinnar er athugandi annaðhvort að fella 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins niður, þannig að almennar reglur um dómsmeðferð ættu hér við og engin heimild til stjórnarsýslukæru, eða að taka beinlínis fram í ákvæðinu hvort og þá hvernig kæruréttur til ráðuneytis takmarki rétt málsaðila til að bera málefnið undir dóm.

2. Í 14. og 15. gr. frumvarpsins eru fyrirmæli um beiðni um aðfarargerð samkvæmt ákvæðum þess, svo og um gögn sem fylgja slíkri beiðni. Í 10. gr. laga nr. 90/1989 eru almennar reglur um þetta efni, sem ættu að leiða til sömu niðurstöðu. Er út af fyrir sig skaðlaust að endurtaka á þennan hátt almennar lagareglur í frumvarpinu, þótt um þörfina geti verið skiptar skoðanir. Benda verður þó á að hugsanlega kynni að vera haldið fram að 14. og 15. gr. frumvarpsins séu tæmandi sérreglur um viðkomandi atriði, sem útiloki þar með að tekið verði tillit til 10. gr. aðfararlaga, að því leyti sem þar eru gerðar kröfur um ítarlegri skýringar og gögn. Hefur það væntanlega ekki verið ætlunin með þessum ákvæðum frumvarpsins.

3. Í 2. mgr. 16. gr. segir að ef ákvörðun hefur ekki verið tekin um afhendingu barns innan sex vikna frá því héraðsdómi berst málið, þá skuli "dómurinn samkvæmt beiðni gera grein fyrir ástæðum þess". Vekja verður athygli á að ekki er sagt hver geti borið upp beiðni eins og hér um ræðir, hversu oft það verði gert að liðnum sex vikna fresti eða í hvaða formi eigi að veita svör. Er einnig vert að lita til þess, að ef máli, sem er rekið samkvæmt 13. kafla aðfararlaga, er ekki lokið á sex vikum, þá er skýringanna að öðru jöfnu að leita til aðilanna sjálfra, en ekki dómstólsins, til dæmis vegna fresta til gagnaoöflunar. Þá má enn fremur benda á, að í gildandi lögum verður líklega hvergi fundin regla um samsvarandi skyldur dómstóla. Nefndin telur athugandi að fella þessa reglu niður.

Virðingarfyllt,